



# Formannafundur AKÍS

10. nóvember 2018

Formannafundur Akstursíþróttasambands Íslands var haldinn í Fundarsal ÍSÍ laugardaginn 10. nóvember 2018 kl.11:00.

## 1. Fundur settur

Tryggvi M Þórðarson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður lagði til að hann yrði fundarstjóri og Þrándur Arnþórsson fundarritari sem var samþykkt. Tryggvi spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun fundarins. Það var ekki og lýsti hann því formannafundinn löglegan.

## 2. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar:

Góðir fundarmenn

Á starfsárinu 2018 voru haldnar 49 keppnir. Keppnistímabilið var frá lokum apríl til byrjunar október eða kringum 23 helgar sem þó er ekki hægt að nota allar. Veðrið hér á höfuðborgar- svæðinu var með þeim hætti síðastliðið sumar að mikið var um frestanir í spyrnugreinum, og nokkrar í drift, þó að aðrar greinar hafi getað haldið sínar keppnir í bleytunni.

Með öllum þeim frestunum og tilfærslum sem af því hlutust, kom í ljós að setja þurfti betri reglur um tilkynningar um þessar færslur og hvenær þyrfti að sækja um aftur. Farið verður yfir þá breytingu á eftir þegar farið er yfir tillögur að breytingum á keppnisreglum.

Á árinu voru gefin út kringum 850 keppnisskírteini, sem er um það bil 10% aukning frá árinu áður. Tvö alþjóðleg skírteini voru gefin út vegna keppenda sem fóru til Bretlands að láta draum rætast um að taka þátt í rallkeppni. Þessi fjöldi alþjóðlegra skírteina gefur til kynna, sem svo sem vitað er að íslenskir akstursíþróttamenn eru ekki að taka þátt í keppnum eða mótardöðum erlendis.

Það væri óneitanlega gaman ef það yrði einhvern tíma að veruleika, sem kannski er fjarlægur þar sem akstursíþróttir eru dýrar.

Á formannafundi árið 2017 var ákveðið að endurnýja ekki slysa- og örorkutryggingu ökumanna, sem við fengum gegnum tengsl við danska akstursíþróttasambandið og þurftu því ökumenn að ganga frá þeim málum sjálfir.

Vinna vegna tryggingarmála hélt áfram á þessu, með fundum og skeytasendingum milli Samgöngustofu, tryggingarfélaganna og Samgöngu og Fjármálaráðuneyta, en viðurkenna verður að það varð litlu áorkað. Grunnþóttinn er að það eru að koma ný umferðarlög og með þeim breytt umhverfi þannig að best er að bíða þangað til þau eru komin.

Á meðan höfum við skoðað og safnað saman, að beiðni Samgöngustofu, upplýsingum um hvernig laga- og reglugerðarumhverfi Norðurlandanna er hvað tryggingarmál í akstursíþróttum varðar. Það er von mín að sú vinna muni nýtast okkur við að gera athugasemdir við væntanlegt frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar sem lagt verður fram síðar í þessum mánuði. Þá einnig að tekið verði tillit til þeirra athugasemda.

Ég tel rétt að segja frá því hér að Samgönguráðherra mælti fyrir nýjum umferðarlögum í upphafi þessa mánaðar. Þau eru nú til umsagnar áður en málið fer fyrir samgöngunefnd Alþingis og þaðan til annarrar umræðu. Vonast er til að löggin verði samþykkt á þessu þingi og þau taki gildi 1. janúar 2020.. Þá á eftir að koma í ljós hvaða áhrif ný lög hafa á umhverfi okkar þetta millibilsár.

Það skal tekið fram að tekið var tillit til margra af athugasemdum þeim sem við gerðum við frumvarpsdrögin þegar þau komu fram á síðasta ári. Enn er þó að finna í kaflanum um akstursíþróttir ákvæði um akstur í skemmtigörðum og einnig eru hjólréiðakeppnir komnar þarna inn. Þannig virðist einsýnt að þrjú af samböndum innan ÍSí, HRÍ, MSÍ og AKÍS, séu undir hatti Samgönguráðuneytis en ekki Menntamálaráðuneytis eins og langflestar aðrar íþróttir.

Umferðarfrádráð, sem vaknaði til lífsins aftur á síðasta ári eftir að Guðbergur Reynisson, fyrrverandi formaður AKÍS, var skipaður formaður, hefur haldið áfram starfi sínu og AKÍS tekið þátt í því eins og kostur er. Þetta er fjölmennit ráð samsett af hagsmunaaðilum og gefur stjórnvöldum aðgang að þekkingu á einum stað sem erfið er að finna annars staðar. Eins og ég hef sagt áður þá hef ég trú á því að Guðbergur muni leiða það farsælega áfram.

Í september síðastliðinn var haldið hér ein umferð í heimsmeistara keppni í nákvæmnisakstri rafbíla. Keppnin var haldin með fulltingi sex aðildarfélaganna AKÍS og umsögn eftirlitsmanna var afar lofsamleg. Þáttakendur voru níu þar af þrjár erlendar áhafnir, en íslensk áhöfn lenti í þriðja sæti þarna. Gaman að sjá íslensk nöfn á lista þar sem verið er að keppa til alþjóðlegs meistara.

Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að við við hljótum að fara að sjá fleiri rafmagnsbifreiðar í aksturskeppnum á Íslandi. Í mínum augum finnst mér að ýmsar spyrnugreinar, rally cross og torfæra til að nefna eitthvað séu greinar þar sem rafvæðing lægi tiltölulega vel við. Er þetta eitthvað sem AKÍS á að skoða með hinum ýmsu keppnisráðum?

Í upphafi þessa árs styrkti AKÍS aðila til að fara á námskeið í öryggismálum og keppnisskoðun - aðallega ætlað fyrir rall - sem haldið var á Írlandi. Nokkrum mánuðum seinna voru síðan aðilar á námskeiði fyrir keppnisstjóra í brautarakstri í Svíþjóð. Samhliða FIA-NEZ fundi í Riga var haldið námskeið fyrir keppnisstjóra í drift sem við áttum fulltrúa á. Miðað við það sem heyrst hefur af þessu, þá var góður rómur gerður af þessum námskeiðum og þáttakendur töldu sig hafa fengið góðar upplýsingar til að sinna starfinu betur. Síðla sumars, var haldið á Akureyri á vegum BA námskeið fyrir dómara í torfæru sem var virkilega þarft og gott framtak. Góður rómur var gerður af því og vonandi verður þetta haldið aftur á komandi ári.

Ég veit að þessi námskeið verða endurtekin á næsta ári og spurning hvort ekki sé rétt að skoða það þegar upplýsingar um það liggja fyrir.

Í framhaldi af þessu þá er vert að minnast á það að fulltrúar frá akstursíþróttasamböndum Írlands og Englands komu að máli við formann AKÍS og spurðu hvort að við vildum vera með í því að setja upp sameiginleg námskeið fyrir starfsfólk í akstursíþróttum. Ætlunin er þá að sækja um þetta, bæði í sjóði FIA og einnig til Evrópubandalagsins gegnum eRasmus+ áætlunina. Ráðger er fundur með Rannís hérlendi næstkomandi mánudag um þetta og önnur verkefni sem gætu verið styrkhæf fyrir aðildarfélag AKÍS.

Við höfum ekki komið að akstursíþróttum í sýndarheimum, en það er spurning um hvort við þurfum ekki að skoða það með einhverjum hætti. Norðurlöndin eru að dýfa stóru tanni í þennan pott, því eitthvað mun teygjast á því að FIA og Sony / Polyfony gangi frá sínum málum.

Í sumar hefur á nokkrum sinnum komið til þess að dómnefndir hafa þurft að taka á málum, eða hefðu þurft að taka á málum. Dómnefnd keppni hefur afar mikið vald og er nauðsynlegt að hún sé á keppnisstað / keppnisvæði eins og mögulegt er. Þeir aðilar sem taka að sér að sitja í dómnefndum þurfa að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og geta axlað þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Það er betra að taka ekki að sér starfið, telji maður sig ekki geta fjallað um mál vegna einhvers af keppendunum - af hvaða orsökum svo sem það er.

Þannig er því einnig háttað að eftir að AKÍS hefur skipað dómnefnd þá er það ekki hægt að skipa nýja með einfaldri stjórnarsamþykkt heldur er það flóknari ferill.

(AKÍS þarf að höfða mál fyrir dómstól ÍSí eða International Tribunal í Genf þar sem leggja þarf fram óbyggjandi gögn um hví þetta er nauðsyn)

Það er spurning hvort að nauðsynlegt er að AKÍS komi meira að skipun dómnefnda og sjái til að ávallt sé dómnefnd til staðar. Það koma ýmis praktísk mál upp um leið og það yrði gert, eins og til dæmis endurgreiðslur kostnaðar og fleira.

Ég tel nauðsynlegt að AKÍS stefni að því að halda í janúar / febrúar næstkomandi námskeið fyrir þá sem vilja starfa við dómefndir. Það má til dæmis staðfæra námskeið FIA um dómnefndir í alþjóðlegum keppnum þannig að það sé miðað við Ísland.

Ekki varð af því að skoða námsefni í umferðarfræðslu fyrir aðildarfélag AKÍS til að þau geti boðið uppá unglíngastarf. Spurning hvort að ekki sé þörf á því að gera slíkt svo hægt ég að fara inni ungmennastarf hægt en bítandi.

Það verður auðvitað að viðurkenna að þær aldurstakmarkanir sem við búum við í akstursíþróttum og að það skuli þurfa reglugerðarbreytingu til að keppa í nýjum greinum ætluðum yngri kynslóðinni takmarkar möguleika okkar á því að unglíngastarfi.

Síðastliðin tvö ár hefur verið unnið að því að fá Samgöngustofu til að taka á þessum málum, meðal annar með því að senda þeim skýrslu um aldurstakmarkanir í akstursíþróttum í nágrannalöndum. Byggt á henni lögðum við til að reglugerð um akstursíþróttir yrði breytt þannig að AKÍS og MSÍ ákveði þessi aldursmörk, en þau mættu aldrei vera rýmri en það sem FIA eða FIM leggja til. Þessi tillaga fór sama veg og margt annað - við biðum eftir nýjum umferðarlögum.

Mótakerfið var lagfært og gert þannig að keppendur gæti bætt við keppnistækjum. Ennþá eru þó annmarkar á því sem þarf að sníða af, sem ætti að vera tiltölulega einfalt. Þetta eru atriði sem koma að félögunum, en einnig þá er sýnt eftir árið í ár þarf að taka félagaskipti til gagngerrar endurskoðunar.

Upp komu atvik þar sem svo virtist sem keppendur hafi ekki uggð að sér við fyrstu skráningu og samþykkt sitt gamla félag sem birtist, þó svo að þeir hafi ætlað að keppa fyrir annað félag. Þessi mál hafa verið og munu skoðuð þar til að mál eru komin á hreint.

Eins og þið vitið þá segja reglur AKÍS að keppendur þurfi að ákveða við skráningu í fyrstu keppni, hvaða félag þeir ætla að keppa fyrir það árið. Þetta hefur ekki verið mjög skýrt en það er tillaga stjórnar að settur verið upp sérstakur gluggi þar sem fram komi að viðkomandi sé að velja sér félag til að keppa fyrir næsta keppnistímabil, en ekki áætlað eins og nú er.

Þá er það einnig spurning sem ég vil varpa upp hér, hvort að við þurfum að setja upp strangari félagaskipti, til samræmis við til dæmis fótbolta eða körfubolta þar sem félagaskipti fara gegnum sérstaka nefnd. Eigum við til dæmis að búa til sérstakan félagaskipta glugga - Hvenær á hann að vera? Hvað á hann að vera langur? Hvað er praktískt í þessum efnum?

Það eru mörg önnur mál sem ugglaut mætti minnst á, en ég læt þetta nægja að sinni. Það er þó mín skoðun að það séu spennandi tímar framundan ...

### 3. Tryggingarmál

Tryggvi M. Þórðarson fór yfir tryggingarmál akstursíþróttar.

Fundurinn fól stjórn AKÍS að halda áfram að vinna að betri tryggingum keppenda og keppnishaldara með það markmið að bæta vernd þriðja aðila, en um leið að lágmarka kostnað bæði fyrir keppnishaldara og keppendur.

### 4. Staðfesting Íslandsmeistara 2018

Eftirfarandi Íslandsmeistaratitlar voru staðfestir:

Grein	Nafn	Félag
Drift - Götubílaflokkur	Jökull Atli Harðarson	AÍH
Drift - Minni götubílar	Árni Freyr Gunnarsson	AÍH
Drift - Opinn flokkur	Anton Örn Árnason	AÍH
Go-Kart	Gunnlaugur Jónasson	
Rally – Aðstoðarökumenn AB Varahlutaflokkurinn	Halldóra Jóhannsdóttir	KK

Rally – Aðstoðarökumenn flokkur B	Bragi Snær Ragnarsson	AÍFS
Rally – Aðstoðarökumenn heildin	Bragi Snær Ragnarsson	AÍFS
Rally – Ökumenn AB Varahlutaflokkurinn	Óskar Leifsson	KK
Rally – Ökumenn flokkur B	Ragnar B. Gröndal	AÍFS
Rally – Ökumenn heildin	Ragnar B. Gröndal	AÍFS
Rallycross – Unglingaflokkur	Þorvaldur Smári McKinstry	AÍH
Rallycross – 1000 flokkur	Árni Gunnlaugsson	AÍFS
Rallycross – 2000 flokkur	Víkar Sigurjónsson	AÍFS
Rallycross – 4X4 Non Turbo	Trausti Guðfinnsson	AÍH
Kvartmíla - OF	Ingólfur Arnarsson	KK
Kvartmíla - TS	Kristján Finnbjörnsson	KK
Kvartmíla - ST	Sigurður Ólafsson	KK
Kvartmíla - SS	Heiðar Arnberg Jónsson	KK
Götuspýrna - 6 cyl	Guðni Brynjar Guðnason	BA
Götuspýrna - 8 cyl standard	Stefán Örn Steinþórsson	BA
Götuspýrna - Jeppar	Hákon Heiðar Ragnarsson	BA
Sandspýrna – Jeppar	Eðvald Orri Guðmundsson	TKS
Sandspýrna – Útbúnir jeppar	Páll Skjöldal Jónsson	AÍH
Sandspýrna – Opinn flokkur	Valur Jóhann Vífilsson	KK
Tímaat – Götubílar	Víktor Böðvarsson	KK
Tímaat – Götubílar RSPORT	Símon H Wiium	
Tímaat – Breyttir götubílar	Símon H Wiium	
Torfæra – Sérútbúnir	Þór Þormar Pálsson	BA
Torfæra – Götubílar	Ívar Guðmundsson	TKS

## 5. Keppnisdagatal 2019

Dagsetningar ákveðnar að mestu leyti með fyrirvara:

Dags	Grein	Skýring	Félag	Staður
04.05.2019	Torfæra	Íslandsmót	Hekla	Hella
12.05.2019	Gokart	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
12.05.2019	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
18.05.2019	Drift	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
25.05.2019	Götuspýrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
25.05.2019	Tímaat	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
25.05.2019	Torfæra	NEZ Formula Offroad	NMK	Hønefoss, Noregi
26.05.2019	Torfæra	NEZ Formula Offroad	NMK	Hønefoss, Noregi
31.05.2019	Rally	Íslandsmót	AÍFS	Suðurnes
01.06.2019	Rally	Íslandsmót	AÍFS	Suðurnes
01.06.2019	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
08.06.2019	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
13.06.2019	Buggy enduro	Bikarmót	BA	Akureyri
13.06.2019	Drulluspýrna	Sýning	BA	Akureyri

14.06.2019	Drift	Íslandsmót	BA	Akureyri
14.06.2019	Græjkeppni	Sýning	BA	Akureyri
15.06.2019	Auto-X	Bikarmót	BA	Akureyri
15.06.2019	Götuspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
16.06.2019	Sandspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
16.06.2019	Burnout	Sýning	BA	Akureyri
17.06.2019	Bílasýning	Boganum	BA	Akureyri
22.06.2019	Tímaat	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
23.06.2019	Gokart	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
28.06.2019	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Reykjavík
29.06.2019	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Reykjavík
29.06.2019	Torfæra	Íslandsmót	Start	Egilsstaðir
06.07.2019	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
13.07.2019	Drift	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
13.07.2019	Gokart	Íslandsmót	BA	Akureyri
14.07.2019	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
20.07.2019	Drift	Íslandsmót	BA	Akureyri
20.07.2019	Torfæra	Íslandsmót	TKS	Akrafjall
26.07.2019	Rally	Íslandsmót	BS?	Skagafjörður
27.07.2019	Rally	Íslandsmót	BS?	Skagafjörður
27.07.2019	Þolakstur	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
17.08.2019	Torfæra	Íslandsmót	BA	Akureyri
17.08.2019	Drift	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
17.08.2019	Kvartmíla	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
18.08.2019	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
23.08.2019	eRally	Heimsmeistaramót	KK	Reykjavík
24.08.2019	eRally	Heimsmeistaramót	KK	Reykjavík
24.08.2019	Gokart	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
24.08.2019	Götuspyrna	Íslandsmót/Minningarmót	BA	Akureyri
29.08.2019	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Reykjavík
30.08.2019	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Reykjavík
31.08.2019	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Reykjavík
31.08.2019	Sandspyrna	Íslandsmót	BA	Akureyri
31.08.2019	Tímaat	Bikarmót	KK	Hafnarfjörður
01.09.2019	Rallycross	Íslandsmót	AÍH	Hafnarfjörður
14.09.2019	Rally	Íslandsmót	BÍKR	Reykjavík
21.09.2019	Rallycross	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
22.09.2019	Rallycross	Bikarmót	AÍH	Hafnarfjörður
28.09.2019	Sandspyrna	Íslandsmót	KK	Hafnarfjörður
9.11.2019	Formannafundur	Verðlaunaafhending	AKÍS	Reykjavík

## 6. Akstursíþróttamenn ársins - karl og kona valin

Fundarmenn kusu akstursíþróttakonu og akstursíþróttamann og úrslit kosninga urðu:

Kona:	<b>Halldóra Jóhannesdóttir - rally</b>	KK
Karl:	<b>Þór Þormar Pálsson - torfæra</b>	BA

## 7. Breytingar á lögum og reglum

**Umferðarlög** - Stefán Örn Steinþórsson fór yfir helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi sem er til meðferðar á Alþingi og hvaða breytingar búið er að gera eftir athugasemdir frá AKÍS.

**Keppnisreglur AKÍS** - Ingimundur Helgason fór yfir tillögu um að keppnisráð einstakra greina hafi val um hvort Íslandsmót í greininni sé ein keppni eða mótarið með lágmark þremur keppnum. Sú tillaga var samþykkt.

Tryggvi fór yfir tillögur um breytingar sem stjórn lagði til á nokkrum greinum. Tillögurnar voru samþykktar og formanni og framkvæmdastjóra falið að fella tillögu Ingimundar saman við og senda á formenn til yfirlstrar.

**Reglugerð um keppnisráð AKÍS** - samþykktar smávægilegar breytingar.

**Reglur um Akstursíþróttamenn ársins** - samþykktar smávægilegar breytingar.

## 8. Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram

Keppnisreglur einstakra greina lagðar fram og kynntar. Reglur þurfa að vera tilbúnar fyrir 1. desember 2018.

## 9. Mál lögð fyrir formannafund 2018

Engin mál.

## 10. Önnur mál

Engin mál.

Formannafundi slitið um kl. 15:30

## Viðauki A: Mæting

AKÍS	Tryggvi M. Þórðarson Ragnar Róbertsson (Stimpill) Jón Bjarni Jónsson Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH) Helga Katrín Stefánsdóttir (TKS) Stefán Örn Steinþórsson (BA) Þrándur Arnþórsson
AÍH	Arnar Már Pálmarsson

Hekla	Sigurður Haukur Einarsson
KK	Ingimundur Helgason
AÍFS	Guðbergur Reynisson
BÍKR	Guðni Freyr Ómarsson Þórður Andri Mckinstry (auka)